



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 19. febrúar 2007
Ákvörðun nr. 6/2007

Ólögætt samráð Landsvirkjunar, Fjarska ehf. og Símans hf. vegna viðskipta tengdum Fjarska ehf.

I.

Málsatvik

Í kjölfar fréttu í febrúar 2005 um að Síminn og Landsvirkjun (LV) hefðu gert með sér samning um samvinnu á sviði fjarskiptaþjónustu með kaupum Símans á eignarhlut í Fjarska ehf. (Fjarski) ásamt kaupum á sex þörum í ljósleiðarastreng Fjarska á milli Hrauneyjafossstöðvar og Akureyrar skrifaði Samkeppnisstofnun LV, Fjarska og Símanum bréf og óskaði ýmissa upplýsinga og gagna.

Í svörum fyrirtækjanna kemur m.a. fram að með samningunum væri stefnt að auknu öryggi í fjarskiptum og hagkvæmni í rekstri Fjarska og að þeir væru ekki samkeppnishamlandi.

Eftir frekari rannsókn á ofangreindum samningum og aðdraganda þeirra voru aðilum málsins send andmælaskjöl Samkeppniseftirlitsins þar sem eftirlitið gerði grein fyrir frummati sínu á málinu. Kom fram að Samkeppniseftirlitið teldi að með kaupum Símans á eignarhlut í Fjarska og á sex ljósleiðarapörum milli Hrauneyjafossstöðvar og Akureyrar hefðu aðilar haft það að markmiði að takmarka samkeppni milli LV/Fjarska og Símans og með því farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Fælu aðgerðirnar í sér markaðsskiptingu sem væri til þess fallin að raska samkeppni á markaði.

Í kjölfar þess að andmælaskjöl voru birt aðilum leituðu Síminn og LV til Samkeppniseftirlitsins með það fyrir augum að sætta málið. Var sátt gerð við LV 14. febrúar sl. og við Símann 15. febrúar.

II.

Niðurstaða

1.

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við m.a. samráði um verð, skiptingu markaða og gerð tilboða í útboðum. Í 37. gr. samkeppnislaga er



Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á bannreglum laganna.

Í 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 segir að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkvæmt ákvæðinu getur sátt m.a. falist í því að málsaðili viðurkenni brot á samkeppnislögum og fallist á að greiða stjórnvaldssekt vegna þess. Sátt getur einnig falist í því að málsaðili fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrir mælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

LV/Fjarski og Samkeppniseftirlitið annars vegar og Síminn og Samkeppniseftirlitið hins vegar hafa gert með sér sátt um niðurstöðu málsins. Mun rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samráði Símans, LV og Fjarska ljúka með þeim hætti sem rakið verður í þessari ákvörðun.

2.

Í málinu liggur fyrir að Síminn, LV og Fjarski gerðu með sér þrjá samninga í febrúar 2005. Nánar tiltekið er um að ræða kaupsamning á hlutafé í Fjarska á milli LV og Símans, samning um samvinnu á sviði fjarskiptapjónustu á milli LV, Fjarska og Símans og samning um kaup á hluta ljósleiðarastrengs milli Símans og Fjarska.

Gögn málsins sýna að forsenda Símans fyrir samstarfi og verkaskiptingu á sviði fjarskipta við Fjarska/LV hafi verið sú að Fjarski ásamt LV drægju sig út af almennum fjarskiptamarkaði og kæmu ekki til með að keppa við Símann á þeim markaði. Ljóst er einnig að með ofangreindum samningum hafa fyrirtækin skipt með sér heildaflutningsgetu ljósleiðarans milli Hrauneyjarfossvirkjunar og Akureyrar. Þá geta samningarnir veitt Símanum aðgang að viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum frá Fjarska. Eru samningarnir því samkeppnishamlandi og fela í sér ólögmetta markaðsskiptingu sem fer gegn 10., gr. samkeppnislaga.

3.

Samkvæmt ofangreindu liggur fyrir að LV, Fjarski og Síminn fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga með framangreindum aðgerðum.

Eins og áður hefur komið fram náðu LV/Fjarski og Síminn sátt um málið við Samkeppniseftirlitið. Í sáttinni felst viðurkenning aðila málsins á að hafa haft með sér ólögmettt samráð í tengslum við kaup Símans á hlut í dótturfélagi LV, Fjarska, og við kaup Símans á sex ljósleiðarastrengjum á milli Hrauneyjarfossstöðvar og Akureyrar. Þá féllust aðilar á að falla frá þeim samningum sem til var stofnað vegna kaupanna. Að lokum féllust félögin á að greiða stjórnvaldssekt vegna brotanna. Þannig greiðir Síminn 55 milljónir króna en LV 25 milljónir króna.

Við mat á fjárhæð sekta var meðal annars litið til þess að samningarnir komu ekki til framkvæmda þar sem ákveðið var að leggja þá til hliðar við upphaf rannsóknar



Samkeppnisyfirvalda. Einnig er litið til þess Síminn var leiðandi aðili í samráðinu sem skýrir mismun á sektarfjárhæð. Jafnframt er litið til samstarfsvilja fyrirtækjanna. Aðilar málsins telja að brotin hafi átt sér stað fyrir gáleysi.

Í ljósi ofangreinds telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar í málinu og lýkur málinu því með ákvörðun þessari.

Ákvörðunarorð:

„Með sátt, dags. 14. febrúar 2007, gengst Landsvirkjun við því að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellst á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð, kr. 25.000.000. Jafnframt fellst Landssvirkjun á að grípa til allra aðgerða sem eru á valdi félagsins og Fjarska ehf. til þess að ganga út úr umræddum samningum.

Með sátt, dags. 15. febrúar 2007, gengst Síminn hf. við því að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellst á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð, kr. 55.000.000. Jafnframt fellst Síminn hf. á að grípa til allra aðgerða sem eru á valdi félagsins til þess að ganga út úr umræddum samningum.

Í ljósi þessa er ekki þörf á frekari aðgerðum í málinu.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson